

Fundarstjóri: Þessa dags eru atvinnu og byggðamál, en áður en ég kynni þær konur sem þar munu tala þá eru hér fyrst tvær tilkynnigar það er í fyrstalagi þá eru hér mjög fallegar skilkislæður sem hanga hér á vegnum frammi og þær eru eftir kvennalistakonu frá Dalvík, Hrönn, sem er nú stödd hérna og ef þið hafið áhuga á slíkum þá skulið þið snúa ykkur til hennar. Í öðrulagi þá á að vera búið að dreifa hér á borðin drög að ályktun landsfundar Kvennalistans í nokkrum eintökum, sjálfsagt þó ekki nægilega mörgum handa öllum en þessi ályktun verður afgreidd eftir hádegi í dag og ef að þið hafið áhuga á að gera á henni einhverjar breytingar þá væri mjög gott ef þið settuð þær formlega niður á blað því timinn er naumur og það verður að vinnast hratt og það er mjög erfitt ef það verða kallaðar breytingar upp til fundarstjóra í pontu og hann þarf að halda einhverju skikki á því, endilega koma því niður á blað og koma því þá til fundarstjórans eftir hádegi.

Nú áður en ég kynni þessa framsögumenn um atvinnu og byggðamál þá ætla ég að gefa henni Guðrúnu Jónsdóttur starfskonu Kvennalistans orðið því hún ætlar að kynna reikninga Kvennalistans. Gerðu svo vel Guðrún.

Guðrún Jónsdóttir.

Góðan daginn. Nú ætla ég að kynna ársreikninga alveg á nýjan hátt. Ég hef nefnilega aldrei séð þetta gert og alltaf lokað eyrunum samviskulega þegar ég hef ekki borið neina ábyrgð á því sjálf, en ef þið viljið fyrst athuga hvort þið finnið þetta ekki á borðunum þá ætla ég að reyna að útskýra fyrir ykkur hverjir þessir liðir eru svona eins og ég myndi fara með heimilisbókhaldið ef ég færði það.

Þá, ef við kíkjum á rekstrarreikninginn þá eru annars vegar tekjur og hins vegar gjöld. Tekjurnar eru fyrst og fremst það sem merkt er Alþingi, það er annars vegar styrkur til sérfræðiaðstoðar sem þingflokkurinn fær og hefur verið notað til launakostnaðar og annars slíks og þar fyrir utan útgáfustyrkinn og megnið af þessari tölu er útgáfustyrkur frá Alþingi. Siðan er það happadrætti þegar þessi rekstrarreikningur var gerður upp í lok september var ekki kominn inn allur ágóði af happadrætti

fyrir samtökin og það hlýtur því að koma næsta ár. Síðan er það sala það er fyrst og fremst dúfur, einhver reitingur af afgangs bolum og öðru þess háttar, en fjárföflun fór aðallega fram í öngunum eins og þið vitið. Svuntur og annað var bara selt milli anga. Og styrkir fóru yfirleitt beint í anga, en hér er samt þrjúþúsund króna styrkur til samtakanna.

Ef við lítum þá á gjöldin þá er í fyrstalagi talað um laun parna, og þær konur sem voru á launum voru starfskona þingfloks og samtakanna. Kona í 20-25% starfi hjá borgarmálahóp, og eina tvo mánuði fyrir kosningar var Margrét Jónsdóttir í hálfu starfi þegar mesta álagið var. Síðan stendur parna angar 1.904 þús. sú tala er framlag samtakanna til anganna hún er þannig tilkomin að fyrst fékk hver angri 150.000 þús. Þeg man ekki hvort yngstu angarnir voru þar komnir inn í, en síðan voru eftir 1.240 þús. um það bil, sem var skipt þannig: Mig minnir að það hafi verið þannig að 1/3 hafi veri jafnt til anga og 2/3 hafi verið eftir þingmannafjölda kjördæmisins. Er það ekki rétt hjá mér Bryndís, þær staðfesta það. Auglýsingakostnaður upp á rúma 1 milljón eru náttúrulega fyrir kosningar í fjölmölum þegar við höfum haldið ráðstefnur og opna fundi þá höfum við venjulega auglýst prisvar í útvarpinu, af allra styttru gerð, alltaf tekið fram, klípa saman eins og við getum. Útbreiðsla og kynning upp á 1.345 þús. eru: Útgáfa stefnuskrárinna, þ.e. Fréttabréfið, Sjónvarpsþátturinn sem gerður var fyrir ríkissjónvarpið og sá sem var gerður fyrir Stöð 2, útvarpsþátturinn, blaðið sem fór inn á hvert heimili o.s.frv. Húsnæðiskostnaðurinn upp á 305 þús. hef ég grun um að þyki hlægilega lágur. Þar er sammt inn í bæði leiga, þrif, hiti og rafmagn. Þið hafið kannski heyrt það að við förum að missa Víkina, hugsanlega hvenær sem er upp úr þessu, þannig að þá gæti þessi tala breyst ískyggilega. Ferðakostnaður upp á 463 þús. er ferðakostnaður við síðsta landsfund munið þið þá var ekki borgað í ferðasjóð á landsfundi heldur borguðu samtökin fyrir allar konur utan af landi. Þ.e. samráðsfundirnir þír sem voru haldnir tveir fyrir kosningar við móturn stefnuskrárinna og einn í stjórnarmyndunarviðræðunum og

tvívar hittust kostningastjórar, minnir mig, og þar fyrir utan er það fundasyrpan í janúar þegar við héldum sextán fundi samtímis um landið og aðrir opnir fundir þar sem við höfum þurft að senda konur á milli anga.

Vera er einn liður þarna og þar mun vera framlag Kvennalistans til reksturs Veru. Skrifstofukostnaður er 192 þús. og eitthvað. Það er fyrst og fremst sími þ.e. pappírskostnaður og ljósritun það var keypt reiknivél fyrir 6 þús. ég held, að það sé stærsta eign samtakanna. Ýmis kostnaður er upp á 205 þús. það eru margir smáreikningar, t.d. teppi á Víkina, einhverntíman voru mölvaðir gluggar, vinnsla á myndbandi upp á 20 þús., tússtafla upp á 10 þús., framköllun, Miðlun, þjónusta sem var keypt hjá Miðlun o.s.frv. Vextir skýra sig nú sjálfir, opnbergjöld launaskattur upp á 11 þús. það er reyndar eitthvað of lítið ég held, að þær hafi fundið 6 þús. sem er í ýmsum kostnaði sem á að vera þarna. Landsfundur '86 er bara útlagður kostnaður við landsfund, þingflokkur upp á 42.800, þ.e. ávísunarreikningur sem starfskona þingflokkssins hefur og er svo hún sé ekki alltaf hlaupandi með smáreikninga. Í bunka af reikningum frá henni þar stendur t.d. möppur utan um vörur 750, ritföng 820, fiskvinnslan, korktafla o.s.frv.

Svo kemur efnahagsreikningur þá höfum við átt í sjóði 30.09. 289 þús. og í banka þ.e. inn á bókum þar sem við vissum að við hefðum hærra vexti og þarna stendur líka dúfur o.fl. og það eru eiginlega mistök míni. Ég vissi ekki að það ætti að fara inn í bókhaldið þegar við fengum sendar dúfur að utan, sem við keyptum og skiptum því þegar við hittumst, konurnar sem voru kosningastírnar á landinu þá deildum við því bara systurlega út í angana í staðinn fyrir að þær væru að taka og senda til baka o.s.frv. Þannig í rauninni er það ekki eign það fór bara aldrei inn í bókhaldið. Á þessum tíma vorum við búnar að taka ellefuhundruð þúsund króna lán hjá Alþýðubankanum. Það hefur nú aukist síðan og höfuðstóllinn er þá eignir minus skuldirnar og þannig kemur þetta upp. Ég veit ekki hvort þið viljið spyrja. Við erum með allar möppurnar hérna, endurskoðendur eru búnar að samþykka reikningana og ég veit ekki hvort við látum það ganga, möppurnar og

allir reikningar og allt dótið er hér til skoðunar.

Kannski áður en þið spyrjið þá gæti ég bætt því við, að þið sjáið að tap ársins er 2,9 milljónir þetta er auðvitað allt stórar og ljótar tölur á okkar mælikvarða. Mér er nú sagt að strákarnir myndu nú bara hlægja að þessu öllu saman, þetta væri ekki auglýsingareikningurinn hjá þeim. Við höfum engar tekjur eins og er, en við komum til með að fá útgáfustyrk frá Alþingi aftur næsta ár og við höfum grætt á því að vera búnar að fjölgat þingkonunum líka. Og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sá ég að þessi liður þarna, útgáfustyrkurinn, kemur til með að hækka, verði það samþykkt. Svo við erum að láta okkur dreyma um að við komumst á réttan kjöl á næsta ári, þó að þetta líti ekki vel út núna. En að sjálfsögðu mætti bæta því við, að það væri ákaflega gott ef einhverjar konur hafa einhverja "brilliant" hugmynd um fjárföflun, þá væri það ákaflega vel þegið. Viljið þið spyrja um eiththvað?

Leigusamningurinn er laus. Og það var búið að segja okkur það í upphafi ársins að við gætum þurft að fara hvenær sem er, en annar eigandinn er nú hálfgerður vinur okkar og heldur yfir okkur verndarhendi og hann lofaði að reyna, að gefa okkur sәmilega góðan frest, við bíðum bara eftir uppsagnarbréfinu.

Fundarstjóri: Ef það eru ekki fleiri spurningar til Guðrúnar, þá held ég að við ættum að bera þessa reikninga upp, ég veit ekki hvort ég ætti að leita atkvæða eða hvort við ættum að samþykkja þá með lófaklappi, er það ekki lang einfaldast? Og pakka Guðrúnu um leið mjög greinagóða reikinga.

Það er þema dagsins atvinna og byggðamál, ég hef hugsað mér að taka það bessa leyfi að breyta aðeins röðinni á framsögumönnum og byrja á Vestfjörðum það er Arna Skúladóttir síðan kæmi Norðurland eystra það er Ásta Baldvinsdóttir þá Suðurland Guðrún Sveinsdóttir og Vesturland síðast það er Sigrún Jóhannesdóttir. Ef Arna Skúladóttir myndi byrja að gera grein fyrir þessu þema.

Arna Skúladóttir.

Ágætu kvennalistakonur. Í gær og fyrradag var haldin

á Selfossi ráðstefna á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og þið vitið. Þessi ráðstefna bar yfirskriftina "Hefur byggðastefnan brugðist". Ég veit nú ekki hvað kom fram á þessari ráðstefnu, en fyrst þegar ég las setninguna - hefur byggðastefnan brugðist - fannst mér hún hálf kómisk. Hvaða byggðastefna. Það sem hefur verið mest áberandi í byggðastefnu eða byggðapróun undanfarinna ára allavega séð frá Vestfjörðum er það fólksfækkunun á landsbyggðinni. Þessi svokallaði fólksflótti Suður, eða í sumumtilfellum nauðungarflutningar. Þetta er okkur fyrir Vestan gífurlegt áhyggjuefnni. Ekki síst þegar það er skoðað í því ljósi að á Vestfjörðum búa nú rúmlega 10 þúsund manns, en á árunum 1971-1986 eða s.l. 15 ár fluttu frá Vestfjörðum rúmlega 10.600 manns, en til Vestfjarða 8.600. Þessar tölur sýna þau gífurlegu umskipti sem verða á íbúum staðanna. Stundum virðist manni eins og að petta stefni í, að Vestfirðir verði bara einskonar verbúð, sem er náttúrulega hrikalegt.

Fólk kemur með það fyrir augum að stoppa stutt. Þessi svokallaði fasti kjarni í hverju byggðarlagi eða á hverjum stað fer alltaf minnkandi. Þessu fylgja gífurleg vandamál t.d. hvers konar uppbygging verður öll mjög erfið, fólk er síður tilbúið að gefa sig að hinum ýmsum baráttumálum byggðarlaganna ef það stoppar stutt. Fólk er líka hrætt og hikandi við að fjárfesta, hvort sem það er í íbúðarhúsnæði eða atvinnuuppbyggingu.

Þeir sem reka atvinnurekstur t.d. í fiskvinnslu hafa líka áþreifanlega orðið varir við það, að peningastofnanir virðast beinast sínu fjármagni öllu inn í verslun og viðskipti annað þykir ekki arðbært. Á Vestfjörðum er ekki talað um að atvinnureksturinn berist í bökkum eins og er sagt hérra heldur að þeir berjist í bönkum. Í íbúðarbyggingu virðist það sama vera uppi á teningnum, bæði einstakligar og peningastofnanir fjárfesta á Suðvesturhorninu vegna þess að þar halda peningarnir verðgildi sínu. Uppbygging þjónsuntu ýmis konar verður einnig oft mjög erfið. Ef við tökum t.d. skólamál þá er alltof mikið af því að kennrarar koma að og stoppa eitt til tvö ár. Það er mjög erfitt að byggja upp almennilegt skólastarf með svona flandri.

En hvað er nú til ráða með öll þessi vandamál? Í sambandi við kennarana eru bætt launakjör eina lausnin og þá meina ég ekki í gegn um sveitarfélögin, en eins og allir vita hafa sveitarfélög lagt út í töluverðan kostnað til að fá og halda í kennara. Þessi bættu kjör eiga að fara í gegnum kjarasamniga. Í sambandi við aðra þjónustu alls konar ekki síður mikil væga trúi ég, að lausnin fyrir okkur Vestan sé fólgin í bættum samgöngum. Eins og þetta er í dag þá eru samgöngur á landi með eindæmum lélegar eins og þið vitið kannski, þær sem hafa komið Vestur, eða það má segja bara í algjörri rúst. Samgöngur í lofti eru ekki góðar þá sérstaklega vegna aðstæðna á flugvöllum. Hvert sveitarfélag fyrir sig er að bagsa við, að byggja upp t.d. flugvelli, heilbrigðisþjónustu, íþróttaaðstöðu, ýmis konar menningaraðstöðu eins og tónlistarskóla, ég tala nú ekki um hafnirnar sem að vísu gengur ekkert að bæta. Væri nú ekki hagkvæmara og farsælla að byggja upp gott samgöngukerfi. Rétt er að benda á að vegalengdir milli staða á Vestfjörðum yrðu alveg ótrúlega stuttar, t.d. yrði jarðgöng á milli Ísafjarðar og Suðureyrar innan við 5 km. eða 4,7. Á milli Suðureyrar og Flateyrar yrði það 4,2 km, ég held ég muni þetta rétt. Ef góðu samgönguneti yrði komið á þá væri bæði hægt að byggja upp betri þjónustu og ódýrari vegna þess að byggðarlögin gætu þá skipt með sér verkum í þeim efnum eftir aðstæðum. Ég tala nú bara um Suðreyri því ég er frá Suðreyri, að byggja upp flugvöll á Suðreyri er bara næstum því ekki hægt, það er verið að reyna að gera þetta utan í hlíðinni þetta er kölluð Hansahilla, þetta er svolitið hrikalegt að lenda þarna og bara hægt að lenda í einni átt. Á meðan væri hægt að byggja upp two flugvelli á Ísafirði og síðan í Holti á Flateyri sem varaflugvöll. Ég hef að vísu ekki kynnt mér þetta né athugað þetta við sérfræðinga.

Hvað varðar húsnæðismálin held ég að þar sé bara til ein lausn, en hún er fólgin í því að ríkið, eða einhverskonar kerfi, eða félög tryggi kaupskyldu á öllu íbúðarhúsnæði. Þessi hugmyndi er ekki komin frá mér, mér datt þetta ekki í hug fyrst allavega, og þegar ég heyrði hana fyrst fannst mér hún algjörlega óhugsandi hún yrði svo viðamikil. En eftir að hafa fylgst með

húsnæðisþróuninni hjá okkur sem er sú að íbúðarhúsnæði í verkamannabústaðakerfinu sem hafa endurkaupskyldu, ég veit nú ekki hvort ég nota rétt orð, þær seljast alltaf samt eru þær langt yfir markaðsverði á stöðunum, þið vitið að íbúðarhúsnæði er mjög ódýrt fyrir Vestan. Þannig að verðið á húsnæðinu skiptir ekki öllu málí heldur sú trygging, að geta selt aftur. Og ég veit það að nú þegar er töluverður þrýstingur á sum sveitarfélögin, að gefa út svona tryggingu. Þó eru sveitarfélögin, þetta eru lítil sveitarfélög og oft ekki vel stað fjárhagslega. Þannig að ég held að það sé ekki rétt að fara með þetta í gegnum sveitarfélögin þó gæti það orðið. Í sambandi við atvinnumál staðanna er einhæft atvinnulíf töluvert vandamál hjá okkur ekki síst meðal kvenna. Það er örugglega erfitt að leysta þetta svo einhverju nemi, en betur má ef duga skal því að það vantar t.d. algjörlega ráðgafarþjónustu hjá okkur, sem er nauðsynleg. Einnig þarf að liðka eitthvað fyrir í peningamálum eða lánamöguleikum því það kostar auðvitað peninga að starta einhverju nýju. En eins og allir vita þá er sjávarútvegur lang stærsta og fjölemnnasta atvinnugreinin á Vestfjörðum og verður það örugglega áfram. Þess vegna er mjög mikilvægt að við höfum það hugfast t.d. í svo stóru málí sem kvótaskipting er byggð á Vestfjörðum er hægt að leggja niður eða verða verulega ágegnt í þá átt með rangri skiptingu.

Ég ætla ekki að fara frekar út í hvað rangt er í þeim efnum, en mig langar að benda á þann mikla aðstöðumun sem er á milli landshluta. Ef bornir eru saman t.d. Vestfirðir og Suðurnesin þá eiga Suðurnesin ótal atvinnumöguleika fyrir utan sjávarútveginn á meðan sjávarútvegurinn er næstum því sá eini á Vestfjörðum. Ég er alls ekki að óska útgerð á Suðurnesjum dauða, ég er bara að benda á aðstöðumuninn sem er gífurlegur. Og það er að sjálfsögðu ekki bara á milli pessra staða það er hægt að finna þetta viða og einnig í landbúnaðinum.

Annar stór málaflokkur sem snertir fiskvinnslu í landi sérstaklega, en það er hvernig gengið er skráð. En þar kreppir verulega að. Sigga Björns. sá alltaf um að ræða gengismálín, við vorum alltaf saman á ferðalagi, en ég

veit svona aðeins hvað snýr upp og niður á þessu, en ætla ekki að fara út í miklar umræður um það allavega. En það kreppir verulega að sérstaklega núna eftir þetta hrún, sem varð á dollaranum maður verður alveg var við þetta í daglegalífinu þarna fyrir Vestan sérstaklega hjá litlu fyrirtækjunum sem eru að selja út í einhverju litlu mæli. Þetta virðist nú ekki vera neinum til góðs nema innflytjendum eins og það er nú hægtkvæmt svo er nú ríkið að reyna að greiða niður einhverja stóriðnaðariðjuskuldir sem þeir hafa tekið.

En einhver er kannski að hugsa núna kvótamál og gengisskráning hafa nú hingað til ekki flokkst undir mjúk mál, en þau spila geisilega stóra rullu í byggðmálum fyrir örugglega fleiri en Vestfirði, og í mínum huga er góð og virk byggðastefna alveg dúnmjúk. Í litlum og fjölbreittum byggðakjörnum um allt land eru góð ræktunarskilyrði fyrir fjölskyldur til góðs mannlifs.

Þetta átti nú að vera endirinn á stuttu erindi, en vegna þess hve trillukarlar og trilluútgerð og kvótasetning á trillur það auðvita einstaka sinnum konur eða hjón sem stunda trilluútgerð. Þetta hefur verið mikið í fréttum og Vestfirðir eru mikið trilluútgerðarsvæði þá get ég eiginlega ekki farið úr pontu án þess a minnast aðeins á þá, ég efast um að ég eigi eftir að koma upp aftur.

Mig langar aðeins að velta fyrir okkur hvers vegna gerist einstaklingur trillukarl. Sumir segja að þetta séu nú bara þverhausar, sem geti ekki unnið með neinum öðrum og þess vegna séu þeir bara einir á trillum, en þetta er náttúrulega bara sjálfsbjargarviðleitni. En eins og þið vitið þá er bara gert út á trillu ákveðinn hluta á árinu, sem er frekar stuttur tími á Vestfjörðum vegna legu landsins og veðráttru og þá fara mennirnir að finna sér aðra vinnu yfir veturinn. T.d. hjá okkur á Suðureyri tók sig saman hópur af trillukörlum og ætluðu að kaup sér stærri bát. Hann átti að vera 200 tonn eða 300 tonn allavega svona ársbát sem hægt er að gera út allt árið af því að þeir vildu vera heima í byggðarlaginu yfir veturinn að sjálfsögðu. Þetta tóks ekki þeir höfðu náttúrulega engan kvóta og engan stað til að sækja kvóta til, nema ná

að kaupa þessa dalla sem hafa kvóta og þeir eru á uppsprengdu verði þeir höfðu ekki nægilega peninga. Þeir reyndu að leigja, það gekk ekki heldur, þannig að sjálfsbjarar viðleitnin er mikil og fyrir hendi. Og við eigum að hafa það í huga að það getur breyst í töluvert mikla reiði hjá þeim af því þetta eru yfirleitt mjög duglegir menn. Mig langar líka til þess að benda á það að töluverður hluti trillukarla fer í að manna togara hér fyrir sunnan yfir veturinn. Það er auðveldara að manna togara hér fyrir sunnan yfir sumarið bæði það eru kannski kennrarar eða skólafólk sem kemur inn. Og það er mjög erfitt bæði tilfinningalega og fjárhagslega að halda úti fyrir alla fjölskylduna, að heimilisfaðirinn þurfi að sækja vinnu svona langt. Þetta getur leitt af sér búferlaflutninga. Þetta er ein ástæðan sem getur verið fyrir því. En þá dettur svona venjulegri konu eins og mér það í hug, að væri það ekki nær að flytja kvótann til fólksins? Ég hef nú að vísu ekki heyrt þetta frá körlunum í þessu samhengi, þeir gera sér mun betur grein fyrir því en ég um heilagleika kvótans. Allavega virðist það mun auðveldara að flytja fólkis til kvótans en kvótann til fólksins.

Þakk fyrir.

Fundarstjóri: Ég pakka örnu kærlega fyrir. Þá er það frá Norðurlandi eystra, Ásta Þorgrímsdóttir.

Anna Þorgrímsdóttir.

Kæru fundarkonur!

Ég heyrði svolitið spaugilegt viðtal í útvarpinu í haust. Fréttamaður spurði konu á Akureyri hvar hún inni og hún svaraði að bragði ég starfa í matvälaiðnaði. Fréttamaður var svolitið hikandi við eins og hann væri ósáttur við þetta svar og spurði varfærnislega nú vinnurðu þá við niðurusuðu. Nei, svaraði konan, ég vinn í Frystihúsi útgerðarfélags Akureyringa svaraði konan. Það var greinilegt á samtalinnu að fréttamaðurinn leit ekki á starf í frystihúsi sem starf í matvälaiðnaði og hann er víst ekki einn um það. Samt er það svo, að hér er um að ræða aðal útflutningsgrein þjóðarbúsins og undirstöðu

efnahagslífsins.

Efnahagslíf einnar þjóðar stendur og fellur með ástandi atvinnumála, að undanförnu hefur sú próun orðið að vöxtur atvinnulífsins hefur fyrst og fremst verið í þjónustugreinum. En því eru takmörk sett hve stór hluti af vinnumarkaðinum þjónustugreinarnar geta orðið. Í heilbrigðu efnahagskerfi verður svo og svo stór hluti þjóðarframleiðni að vera í framleiðslugreinum. Það virðist sem fyrirtæki í þjónustugreinum spretti nokkuð sjálfkrafa upp þar sem þeirra er þörf og markaður nægilega stór svo þau fái þrifist. Hins vegar virðist próun í framleiðslufyrirtækja ekki nærri eins ör, og er greinilegt að hér þarf að taka höndum til.

Í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins hefur sjávarútvegurinn verið undirstaða atvinnulífsins. Nú er svo komið, að fiskimiðlandsins mega heita fullnýtt og á sumum sviðum gott betur svo varla þarf að búast við aukningu í atvinnulífi úr þeirri átt þ.e.s. í því formi sem fiskvinnslan er rekin í dag.

Á hvaða sviði getum við þá vænst próunar í atvinnumálum landsmanna og þá á ég við í framleiðslugreinunum. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þessi mál eins og þau koma mér fyrir sjónir.

Ein er sú grein sem við íslendingar getum þróað mun betur og getur skapað fjölda fólks vinnu, en það er fullvinnsla sjávarafla. Það er fullljóst, að fiskur og aðrar sjávarafurðir eiga eftir að njóta mikilla vinsælda um ófyrirsjáanlega framtíð þar sem sjávarafli á vart eftir að aukast þá er eina ráðið til að auka tekjur þjóðarinnar á þessari takmörkuðu auðlind að fullvinna sem mest af sjávarafla bæði til innanlands neyslu og til útflutnings. T.d. er nú þegar starfandi fyrirtæki á Skagaströnd sem framleiðir ýmsa tilbúna sjávarrétti með góðum árangri. Einnig eru starfandi í landinu niðursuðuverksmiðjur, sem standa vel fyrir sínu. Slíka fullvinnslu hlýtur að vera hægt að stórauka, en sennilega eru það markaðsmálín sem slikt strandar á. Það hefur löngum viljað brenna við hjá okkur íslendingum, að láta markaðsmálín sitja á hakanum. Að halda að það sé bara nóg að framleiða vöruna og vera svo undrandi þegar varan selst ekki. Framleiðsla og

markaðssetning verða að haldast í hendur og það verður að vinna markvisst að því, að stækka markað okkar fyrir fullunnar sjávarafurðir.

Það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum verður ör þróun í þeim búnaði og tækjum sem notuð eru og verða notuð í fiskiðnaðinum. Því það stefnir greinilega í aukna vélvæðingu og sjálfvirkni. Ef við höldum rétt á málum gætum við orðið leiðandi þjóð i þróun og framleiðslu þessarar tækni. Það eru þegar starfandi fyrirtæki í landinu sem hafa náð góðum árangri á þessu sviði. Það væri ekki ónýtt að ná svipaðri aðstöðu á heimsmarkaði með slikan búnað og t.d. Norðmenn hafa náð með rafeindatæki í fiskiskipum. En eins og ég sagði áðan, þá verðum við að halda rétt á málum.

Við íslendingar höfum mikla reynslu í fiskveiðum og útgerð. Þessa reynslu og þá þekkingu sem henni fylgir verðum við að nýta okkur sem kostur er. Í útgerð t.d. í framleiðslu við ýmsan hluta veiðarfæra eða búnað tengdan fiskveiðum. Þessi fyrirtæki flytja hluta framleiðslu sinnar út. Og það er engum vafa undirorpið að hér er um að ræða framleiðslusvið sem íslendingar geta aukið stórlega. Við vitum allar að gjaldeyristekjur okkar eru að stærstum hluta af útflutningi sjávarafurða. Og það eru engin ný sannindi, að einhæfur útflutningur er þjóðarbúinu óhollur. Samkeppni iðnaðarframleiðslu á heimsmarkaði er mjög hörð, en það er trú min, að við íslendingar getum helst náð árangri í framleiðslu til útflutnings á þeim sviðum þar sem við nú höfum hvað mesta þekkingu á þ.e. á vélum og öðrum búnaði tengdum fiskveiðum og fiskiðnaði. Enda hefur það sýnt sig, að íslenska framleiðslan sem þegar er hafin er fyllilega samkeppnishæf. Það má segja að fyrir okkur sem búum út á landi sé það nokkurt ánægjuefni að svo virðist sem slik fyrirtæki fái jafnvel þar sem hér á höfuðborgarsvæðinu. En slíkir hlutir sem þróun iðnaðar uppbygging nýrra iðnfyrirtækja og öflun markaðar gerist ekki af sjálfu sér. Hér verða opinberir aðilar að koma inn í myndina með einhverju móti. Ef umtalsverðu fjármagni verður ekki veitt til þróunarstarfsemi á þeim sviðum sem ég hef hér fjallað um er hætta á, að áfram ríki stöðnun eða mjög hægfara þróun

og einhæfni í þeim hluta atvinnulífs landsmanna, sem snýr að útflutningi og við missum af tækifæri til þess að ná verulegum árangri í sérhæfðri iðnaðarframleiðslu.

Það má segja með því að styðja bæjarfélög til þess að ráða iðnráðgjafa til starfa hafi ríkisvaldið sýni viðleitni til þess að örva uppbyggingu iðnaðar. Mörg bæjarfélög hafa ráðið sér iðnráðgjafa. Það kann að vera misjafnt hvað út úr sliku hefur komið, en ég held, að þessi starfsemi eigi fullan rétt á sér og hafi orðið til þess, að auka fjölbreytni í annars einuhæfu atvinnulífi bæjarfélaga úti á landi.

Það er nú oft svo þó að hugmynd um einhverja framleiðslu fæðist þá verður hún aldrei nema hugmynd því það vantar þekkingu til að útfæra hugmyndina á réttan hátt og leita markaða fyrir framleiðsluna ef slik framleiðsla reynist raunhæf. Hérna er það sem iðnráðgjafar og iðnþróunararfélög koma inn í myndina. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár þá ætlar ríkið að leggja niður fjárframlag til iðnráðgjafa og jafnframt leita eftir heimilt til að leggja lögbundið framlag til Iðnlánasjóðs niður en Iðnlánasjóður hefur styrkt þróunarstarfsemi í iðnaði. Þannig á að draga til baka þann litla stuðning sem ríkið hefur veitt til eflingu iðnaðar og það er ekki sjánlegt að neitt umtalsvert eigi að koma í staðinn. Hér stefnir í mikla öfugþróun.

Mér hefur orðið tíðrætt um nýsköpun í iðngreinum einkum í sjávarútvegi og fiskvinnslu, enda eru þetta málefni sem standa mér næst.

Og læt ég því hér staðar numið.

Fundarstjóri: Ég þakka Ástu Baldvinsdóttur fyrir og þá er það frá Suðurlandi Guðrún Sveinsdóttir.

Guðrún Sveinsdóttir.

Fyrst er tilkynning frá Steinunni mér leiðist að tala um þessi peningamál, en það sem ég ætla að minnast fyrst á er að það er þáttökulisti á borðinu við dyrnar og þær konur sem ekki skrifuðu sig á hann í gær þá væri fint að fá nöfn þeirra á hann í dag. Og svo eru nafnspjöldin og ef þið eruð ekki merktar, þá skulið þið endilega merkja

ykkur. Og það er þessir peningar það er ef einhverjar konur sem eru í samtökunum hafa ekki greitt í gæt hvort þær myndi ekki vinsamlegast borga. Við vorum nú að tala um svona 500 krónur, en upphaflega gjaldið fyrir báða dagana var fjórtáhnundruð krónur þar af voru þúsundkrónur sem fóru í ferðajöfnunarsjóð. Þarf nokkuð að útskýra það nánar, það var búið í gær? Við vorum að tala um fimmhundruð krónur fyrir daginn í dag. Takk.

Fundarstjóri: Þá er það Guðrún Sveinsdóttir.

Guðrún Sveisdóttir.

Ágætu kvennalistakonur:

Á Suðurlandi búa um það bil tuttugupúsund manns eða um 8% þjóðarinnar. Þar af býr nærri priðjungur í sveitum hinir í kaupstöðu, kauptúnum og þéttbýliskjörnum, sem aðalleg hafa atvinnu sína af landbúnaði og þjónustu við sveitirnar, utan þrír bæjir við ströndina sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi og svo auðvitað Vestmannaeyjar sem er um fimmþúsundmanna byggðarlag þar sem atvinnulífið byggist einvörðungu á útgerð og fiskvinnslu. Áætlað er að nærri 22% vinnandi Sunnlendingar starfi við landbúnað og er það langfjölmennasta atvinnugreinin. Það er athyglisvert, að þrátt fyrir þennan fjölda fólks í landbúnaðarstörfum eru aðeins um 4,5% Sunnlendinga við matvælaiðnað annan en fiskvinnslu. Það segir okkur að langmestur hluti landbúnaðarafurðanna er fluttur óunninn til Reykjavíkur. Sú úrvinnsla landbúnaðarafurða sem fram fer í héraðinu er svo til eingöngu frumvinnsla til að spara flutningskostnað s.s. slátrun, útbeining stórgripa og þess háttar.

Utantekning er að nokkur leyti Mjólkurbú Flóamanna sem þó sinnir einnig slikri frumvinnslu því aðeins um helmingur innveginnar mjólkur fer sem fullunnin vara á markað, helmingurinn er fluttur óunnin til Reykjavíkur. Og reyndar er stórhlti unninnar vöru aðeins hráefni í formi mjólkurdufts, sem er notað til osta- og sælgætisgerðar í öðrum landshlutum.

Það er í rauninni mjög merkilega hvað sunnlenskir bændur hafa sýnt lítinn áhuga á að byggja upp atvinnulífið

heim í sínu héraði. Þeim hefði þó verið það í lófa lagið því þeir eiga stór fyrirtæki í vinnslu og dreifingu matvæla í Reykjavík, Slátturfélag Suðurlands og fleiri fyrirtæki í félagi við bændur annars staðar á landinu. En á meðan uppgangur var í landbúnaðinum á undanförnum áratugum kepptust þeir við að í Reykjavík.

Ég ætla ekki að reyna geta mér til um hvaða hvatir eða sjónarmið hafi ráðið þessu, en það var óheppilegt fyrir Sunnlendinga ekki síst bændurna sjálfa, því þéttbýlið á Suðurlandi, er í dag ákaflega illa í stakk búið til að taka við uppflosnuðum bændum og veita þeim atvinnu. Bændur eru kannski ekki farnir að flosna upp á Suðurlandi í stórum stíl, en það má samt sjá talsverða fólksfækkun í minni sveitarfélögum. Landbúnaðarstefna síðustu ára hefur auðvita komið mjög harkalega niður á Sunnlendingum þar sem hæst hlutfall íbúa hefur atvinnu sína af landbúnaði. Ofurkapp er lagt á að leggja þar niður sauðfjárbúskp svo bændum er greitt meira fyrir leigu og sölu fullvirðisréttar þar en annars staðar á landinu. Gert er ráð fyrir að þeir sem láta af hendi fullvirðisrétt í sauðfé fái forgang að auknum fullvirðisrétti í mjólk þ.e.a.s. ef og þegar hann verður aukinn.

Ég held að engum detti samt í hug að ekki hafi verið þörf á nýrri stefnu í landbúnaði, það er hins vegar spurning hve langt má ganga án þess að byggðaröskun hljótist af. Það væri líka hægt að nefna ótal dæmi um óréttlæti og galla í framkvæmdinni. Hins vegar treysti ég mér ekki til að halda upp vörnum uppi fyrir áframhaldandi ofbeit og bókstaflega gróðureyðingu sem sjá má um land allt.